

Ár 2023, föstudaginn 27. janúar er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Gunnari Guðmundssyni, Björgu Ástu Þórðardóttur og Helga R. Magnússyni.

**Fyrir er tekið málið nr. 14/2022:**

Framkvæmdastjóri KSÍ  
gegn  
Sigurði Gísla Bond Snorrasynt

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

**ÚRSKURÐUR:**

**I.**

**Aðilar máls:**

Kærandi:  
Framkvæmdastjóri KSÍ  
Klara Bjartmarz

Kærði:  
Sigurður Gíslí Bond Snorrason  
Fyrirsvarsmaður: Sigurður Freyr Sigurðsson

**II.**

**Málsatvik:**

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 4. janúar 2023 var tekin fyrir greinargerð sem framkvæmdastjóri KSÍ sendi til nefndarinnar þann 13. desember, skv. grein 19.2. laga KSÍ. Fram kemur í greinargerð framkvæmdastjóra að málið varði meint brot fyrrum samningsleikmanns Aftureldingar, Sigurðar Gísla Bond Snorrasonar (f. 17.03.1995) á grein 6.2. laga KSÍ, grein 4.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og grein 1.d. staðalsamnings KSÍ í X. kafla reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.

Meint brot sem vitnað er til í greinargerð framkvæmdastjóra er lýst með eftirfarandi hætti:

*„Fimmtudaginn 17. nóvember hafði starfsmaður heilindamála hjá UEFA samband við heilindafulltrúa KSÍ og óskaði leyfis til að tengja fulltrúa veðmálafyrirtækisins Pinnacle við KSÍ. Ástæðan var að við almenna vöktun veðmála hjá Pinnacle hafði vaknað grunur um að leikmaður á Íslandi, sem væri skráður sem virkur leikmaður hjá íslensku félagi í mótum á vegum KSÍ, væri að veðja á íslenska leiki, hjá eigin félagi jafnt sem aðra leiki í íslenskum mótum.*

*Fulltrúi Pinnacle óskaði eftir staðfestingu frá KSÍ um það hvaða reglur væru í gildi og hvort viðkomandi leikmaður væri virkur leikmaður á Íslandi og þegar það var staðfest sendi Pinnacle skrifstofu KSÍ gögn um veðmál leikmannsins.*

*Gögnin sem Pinnacle sendi KSÍ sýna hundruð veðmála þessa einstaklings á leiki á Íslandi, í flestum deildum Íslandsmóts meistaraflokka karla og kvenna, í bikarkeppnum meistaraflokka karla og kvenna, og í 2. flokki. Mikill fjöldi veðmála er á leiki hjá ákveðnum félögum (Afturelding, ÍH, Augnablik, Dalvík/Reynir) en heilt yfir er nokkuð mikil dreifing og ekki hægt að koma auga á sérstakt mynstur annað en það sem er hér að framan. Þó er rétt að nefna 12 veðmál á stakan leik (Ísbjörninn – Hvíti riddarinn í 4. deild karla, tapað veðmál) og 10 veðmál á annan stakan leik (Dalvík/Reynir – Vængir Júpíters í 3. deild karla, unnið veðmál).*

*Á meðal leikjanna sem Sigurður Gísli Bond Snorrason veðjar á, skv. meðfylgjandi yfirliti frá Pinnacle, eru fimm leikir hjá hans eigin félagi/liði keppnistímabilið 2022 (mfl. karla Afturelding) og tók hann sjálfur þátt í fjórum þeirra. Í öllum þeim tilfellum veðjar hann á fjóra leiki saman í pakkaveðmáli. Veðmálið gengur út á að skorud verði þrjú mörk eða fleiri í hverjum og einum af þeim fjórum leikjum. Til þess að veðmálið gangi upp þurfa s.s. að vera skorud fleiri en þrjú mörk í hverjum og einum af þeim fjórum leikjum. Samkvæmt skýrslu virðast ekki vera sérstakar vísbendingar um hagræðingu úrslita, en KSÍ óskaði þó eftir álit frá veðmálaeftirliti UEFA um einn af þeim fjórum leikjum. Sá leikur fór fram 2. september 2022 í Lengjudeild karla og var á milli Aftureldingar og Fylkis. Leikmaðurinn byrjaði leikinn og var tekinn út af í hálfleik í stöðunni 0-2 fyrir Fylki, sem urðu lokatölur leiksins. Niðurstöður álits UEFA eru að engar sérstakar vísbendingar séu um hagræðingu úrslita og mynstur veðmála í kringum leikinn metin edlileg.“*

Með greinargerð framkvæmdastjóra fylgir yfirlit frá veðmálafyrirtækinu Pinnacle yfir veðmál leikmannsins á tímabilinu 23. júlí 2022 til 4. september 2022. Þá fylgir greinargerð framkvæmdastjóra afrit af samskiptum á milli skrifstofu KSÍ og við UEFA og Pinnacle vegna málsins í nóvember og desember 2022.

Í greinargerð framkvæmdastjóra KSÍ er vitnað til þess að skv. 40. gr. laga KSÍ geti viðurlögum við brotum á lögnum og reglugerðum KSÍ bæði verið beitt gagnvart félögum og/eða einstaklingum. Framkvæmdastjóri hafi því ákveðið í samræmi við grein 19.2. í lögum KSÍ að vísa meintu broti fyrrum samningsleikmanns Aftureldingar til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ. Það sé ósk framkvæmdastjóra að nefndin taki málið til skoðunar og ákvarði hvort beita skuli viðurlögum gagnvart Sigurði Gísla í samræmi við 40. grein laga KSÍ, reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og/eða samkvæmt öðrum reglugerðum KSÍ.

Í samræmi við grein 4.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er farið með mál vegna meintra brota á lögum og reglugerðum KSÍ sem kærumál. Greinargerð framkvæmdastjóra, ásamt fylgigögnum, var því send til Sigurðar Gísla Bond Snorrasonar og leikmanninum gefinn sjö daga frestur til að koma sjónarmiðum sínum í málinu á framfæri við nefndina. Afrit af greinargerð framkvæmdastjóra var send til knattspyrnudeildar Aftureldingar. Sjö daga frestur leikmanns var síðar framlengdur um viku til viðbótar eða til 28. desember 2022.

Í greinargerð sem barst þann 28. desember 2022 frá Sigurði Frey Sigurðssyni f.h. Sigurðar Gísla Bond Snorrasonar kemur m.a. eftirfarandi fram:

*Varnaraðili var leikmaður á knattspyrnudeildar Aftureldingar árið 2022 og skrifaði undir samning þess efnis. Þær greiðslur sem hann fékk fyrir að spila fyrir Aftureldingu voru óverulegar, svo ekki sé fastar að orði kveðið, og því óhætt að segja að knattspyrnuíðkun varnaraðila hafi verið og sé áhugamál.*

*Varnaraðili þótt afar efnilegur leikmaður á sínum yngri árum en slæmt líferni lék hann grátt og leiddist varnaraðili út í óreglu, bæði tengda vímuefnanotkun og spilum. Undanfarin 2-3 ár hefur unnið hörðum höndum að því að snúa við blaðinu með góðum árangri og hefur þátttaka í knattspyrnu leikið þar stórt hlutverk. Varnaraðili hefur talað opinskátt um þessa fortíð sína, m.a. í hlaðvarpsþættinum „Miðjan“ sem er hluti af vefsíðunni [www.fotbolti.net](http://www.fotbolti.net).*

*Ásamt því að spila knattspyrnu sem áhugamaður hefur varnaraðili getið sér gott orð sem álitsgjafi í hlaðvörpum sem fjalla um knattspyrnu, enda fylgist varnaraðili mjög vel með allri knattspyrnu.*

*Þekking varnaraðila á knattspyrnu leiddi til þess að varnaraðili hugleiddi hvort hann gæti nýtt þessa þekkingu sína með e-m hætti, öðrum en að miðla henni með knattspyrnuáhugamönnum í gegnum hlaðvörp. Varnaraðili hafði heyrt af einstaklingum, með svipaða þekkingu og varnaraðili jafnvel minni, sem höfðu náð að drýgja tekjur sínar með því að nýta þekkingu sína í getraunaleikjum, t.d. þeim sem íslensk getsþá býður upp á (Lengjan, 1x2 o.fl.).*

*Verandi með sína fortíð velti varnaraðili því vel fyrir sér hvort hann myndi ráð við þátttöku í getraunaleikjum og afréð á endanum að láta slag standa sumarið 2022. Liggur fyrir excel-skjal í málinu varðandi þátttöku varnaraðila í getraunaleikjum á umræddu tímabili og gerir varnaraðili ekki athugasemdir við þá leiki sem þar eru tilgreindir.*

Varnaraðili gerir kröfu um frávísun sem byggir á því að óumdeilt sé að málið teljist svokallað „kærumál“ og sem slíkt gildi um það 6. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Í grein 6.2. í téðri reglugerð komi fram hvernig kæra til nefndarinnar skuli vera og hljóti að teljast óumdeilt að „Greinargerð“ kæranda uppfylli ekki þau skilyrði sem talin eru upp í grein 6.2.

Sérstaklega sé bent á að engin tilgreining sé varðandi kröfugerð né sé tæmandi tilvísun til þeirra laga- og reglugerðar sem byggt er á málinu. Í lok greinargerðar kæranda er að finna eftirfarandi setningu: „Það er ósk undirritaðrar að nefndin taki málið til skoðunar (segir „umfjöllunar“ í upphafi greinargerðar) og ákvarði

hvort beita skuli viðurlögum gagnvart Sigurði Gísla í samræmi við 40. grein laga KSÍ, reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og/eða samkvæmt öðrum reglugerðum KSÍ.“

Þetta orðalag kæranda sé ansi opið og ekki í samræmi við grein 19.2 í lögum KSÍ sem vísað sé til, þar sem komi fram að framkv.stj. geti vísað málum til úrskurðar en ekki til „umfjöllunar“ eða „skoðunar“ líkt og fram kemur í greinargerð. Hlutverk nefndarinnar er því að úrskurða um hvort lög, reglugerðir eða leikreglur hafi verið brotnar og af því leiðir að liggja þarf fyrir með skýrum hætti hvaða greinar laga og/eða reglugerða eru til umfjöllunar. Hvoru tveggja, þ.e. tilgreining á kröfugerð og nákvæm tilvísun til þeirra laga og reglugerða sem byggt er á í málinu, eru algjör grundvallaratriði eigi varnaraðili að geta tekið til varna í málinu. KSÍ sé flaggskip í íslensku íþróttalífi og verður að gera kröfur til þess að málsmeðferð nefndarinnar sé í samræmi við lög og reglur, sama hver á í hlut. Annað gæti vakið upp áleitnar spurningar.

Í öðru lagi gerir varnaraðili kröfu um frávísun vegna vanreifunar. Byggir varnaraðili á því að umtalsvert skorti upp á að hægt sé að átta sig á umfangi ætlaðra brota varnaraðila. Í málinu sé lagt fram excel-skjal með lista yfir þá getraunaleiki sem varnaraðili tók þátt í án þess að fyrir liggi nánari sundurliðun, svo sem hvort allir þeir getraunaleikir sem tilgreindir eru í skjalinu teljist brotlegir við lög/eða reglugerðir KSÍ og hvað teljist einn getraunaleikur. Það getur ekki verið lagt í hendurnar á nefndinni að bæði rannsaka og dæma í málinu, slíkt réttarfar hafi verið aflagt á Íslandi fyrir mörgum árum. Vísast í þessum samhengi jafnframt til 1. tl. hér að framan hvernig kærandi leggi málið fyrir nefndina sem er með öllu óboðlegt.

Þá hafi samningur varnaraðila við knattspyrnudeild Aftureldingar ekki verið lagður fram sem hluti málgagna af hálfu kæranda og liggi því ekki fyrir upplýsingar um efni hans og þá hvenær honum hafi verið skilað inn til KSÍ. Það geti ekki talist fullnægjandi að kærandi, sem sé í yfirburðarstöðu gagnvart varnaraðila og með fjölda fólks á launaskrá, leggi mál fyrir nefndina með þessum hætti, líklega í þeim tilgangi að varnaraðila verði refsað. Við hljótum að gera meiri kröfur en svo til kæranda. Þetta sé ekki lið í 4. deild þar sem fólk sé í sjálfboðavinnu.

Í þriðja lagi, verði ekki fallist á framangreind sjónarmið, gerir varnaraðili kröfu um sýknu eða vægustu refsingu sem lög leyfa. Hér skuli ítrekað að varnaraðili hefur ekki gert athugasemdir við þá getraunaleiki sem taldir eru upp í excel-skjalinu sem kærandi hefur lagt fram. Eins og málið liggi fyrir sé með öllu óljóst um hversu mörg tilvik sé að ræða þar sem varnaraðili gæti hafa gerst brotlegur við lög og reglugerðir KSÍ með þátttöku sinni í getraunaleikjum og eigi varnaraðili að njóta alls vafa varðandi slíkt.

Í málatilbúnaði kæranda er vísað til greinar 6.2. laga KSÍ og greinar 4.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Verði málatilbúnaður kæranda ekki túlkaður á annan veg en að varnaraðili gæti hafa gerst brotlegur við þær greinar. Orðalag laga- og reglugerða KSÍ verði ekki skilið á annan veg en að varnaraðila hafi einungis verið óheimilt að taka þátt í getraunaleikjum hjá sínu eigin liði (Aftureldingu) og eigin móti (1. deild karla). Af því leiði að fjöldi þeirra tilvika

sem varnaraðili gæti hafa gerst brotlegur við lög og/eða reglugerð KSÍ fækkar umtalsvert enda megnið af þeim getraunaleikjum sem taldir eru upp í excel-skjalinu ótengdir bæði hans eigin liði og móti.

Í greinargerð kæranda sé svo tilgreint ákvæði í staðalsamningi KSÍ, nánar tiltekið grein 1.d í X. kafla reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Ákvæðið sé umtalsvert víðtækara heldur en lög- og reglugerðir KSÍ sem vísað er til í greinargerð kæranda. Það verði á hinn bóginn ekki byggt á tilgreindu ákvæði staðalsamnings KSÍ gagnvart varnaraðila enda kærandi ekki aðili að þeim samningi og viðurlög við brotum á ákvæðinu talin upp með tæmandi hætti. Af framangreindu leiði eða varnaraðila verði ekki refsað né honum gerð viðurlög vegna annarra getraunaleikja en þeirra sem tengjast Aftureldingu og 1. deild karla.

Það sem komi til skoðunar sé hvort getraunaleikur teljist hver stakur knattspyrnuleikur eða hvort svokallaður „seðill“ eins og er í boði hjá Íslenskri getsþá („pakki“ er orðalag í greinargerð kæranda), þ.e. úrslit í tveimur eða fleiri knattspyrnuleikjum þurfi að ganga upp, teljist einn getraunaleikur. Hér væri eðlilegast að horfa til íslenskrar getsþár sem tilgreinir „seðil“ sem einn getraunaleik. Slík skilgreining sem tæki mið að íslenskri getsþá myndi fækka tilvikum varnaraðila enn frekar.

### III.

#### Niðurstaða:

Um formhlið málsins vegna kröfu um frávísun:

Gerð er sú krafa af hálfu varnaraðila að málinu verði vísað frá aga- og úrskurðarnefnd. Byggir varnaraðili á því að óumdeilt sé að málið teljist svokallað kærúmál og að greinargerð kæranda uppfylli ekki formskilyrði greinar 6.2. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál. Liggja þurfi fyrir með skýrum hætti hvaða greinar laga og/eða reglugerða séu til umfjöllunar. Tilgreining á kröfugerð og nákvæm tilvísun til þeirra laga og reglugerða sem byggt er á í málinu þurfi að liggja til grundvallar eigi varnaraðili að geta tekið til varna í málinu.

Aga- og úrskurðarnefnd tekur undir sjónarmið varnaraðila að málið teljist kærúmál og hefur málsmeðferð hjá aga- og úrskurðarnefnd miðað við að svo sé. Mál er varða meint brot á lögum og reglugerðum KSÍ ber að fara með sem kærúmál skv. grein 4.1. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál. Nefndin getur þó ekki tekið undir þau sjónarmið varnaraðila að ekki liggi fyrir hvaða greinar laga og/eða reglugerða séu til umfjöllunar eða að kröfugerð sé með þeim hætti að varnaraðili geti ekki tekið til varna í málinu. Telur nefndin greinargerð kæranda nægilega skýra svo uppfyllt séu skilyrði 6. greinar reglugerðarinnar. Í greinargerð er vitnað til þeirra ákvæða laga- og reglugerða sem kunna að taka til meintra brota og um leið til þeirra viðurlaga sem má beita gagnvart félögum og/eða einstaklingum vegna brota á lögum og reglugerðum KSÍ. Er kröfu varnaraðila um frávísun málsins á þeim grundvelli því hafnað.

Nefndin hafnar sömuleiðis kröfu varnaraðila um frávísun á grundvelli vanreifunar. Að mati nefndarinnar liggi umfang meintra brota varnaraðila fyrir í

fylgiskjölum málsins og eru meint brot nægilega tilgreind í greinargerð kæranda svo málið sé tækt til efnismeðferðar.

Um efnislega niðurstöðu:

Af framansögðu liggur nú fyrir að taka þarf efnislega afstöðu til þess hvort fyrrum samningsleikmaður Aftureldingar, Sigurður Gísli Bond Snorrason, hafi gerst brotlegur við ákvæði laga- og reglugerða KSÍ sem vitnað er til í greinargerð frá framkvæmdastjóra KSÍ, dags. 13. desember sl.

Fallist er á það með varnaraðila að ekki verði byggt á tilgreindu ákvæði 1.d. staðalsamnings KSÍ í málinu enda sé KSÍ ekki aðili að staðalsamningi sem gerður hafi verið á milli varnaraðila og knattspyrnudeildar Aftureldingar.

Á hinn bóginn ber að skoða ákvæði 6.2. greinar laga KSÍ og greinar 4.4. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Með vísan til greinar 6.2. laga KSÍ er aðilum sem falla undir lögin og taka þátt í knattspyrnuleikjum á vegum KSÍ óheimilt að taka þátt í veðmálastarfsemi, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við eigin leiki og eigin mót. Sambærilegt ákvæði er að finna í grein 4.4. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót, en þar er tiltekið að aðilar sem taka þátt í knattspyrnuleikjum á vegum KSÍ sé óheimilt að taka þátt í veðmálastarfsemi, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við eigin leiki og eigin mót. Með vísan til þessa sé ljóst að þátttakendum í knattspyrnuleikjum á vegum KSÍ, svo sem leikmönnum, sé óheimilt að taka þátt í getraunaleikjum hjá eigin liði og í eigin mótum á vegum KSÍ.

Í greinargerð kæranda er sérstaklega vitnað til þátttöku varnaraðila í fimm veðmálum í tengslum við eigin leiki og eigið mót keppnistímabilið 2022. Hafi varnaraðili í fjögur þessara skipta sjálfur tekið þátt í umræddum leikjum með liði mfl. karla hjá Aftureldingu í Lengjudeild karla. Líkt og fram kemur í greinargerð varnaraðila eru ekki gerðar athugasemdir við getraunaleiki hans á tímabilinu 23. júlí 2022 til 4. september 2022, sem taldir eru upp í fylgiskjali sem kærandi hefur lagt fram í málinu. Að því virtu þykir nefndinni, m.t.t. sönnunarkrafna í agamálum, sbr. dómi Áfrýjunardómstóls í máli nr. 1/2021, að fullnægjandi líkur [comfortable satisfaction] séu á sekt varnaraðila. Varnaraðili hafi með beinni þátttöku sinni í veðmálastarfsemi í tengslum við eigin leiki og eigið mót gerst brotlegur gagnvart grein 6.2. laga KSÍ og grein 4.4. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

Í 40. grein laga KSÍ eru tilgreind viðurlög sem beitt getur verið gagnvart einstaklingum vegna brota á lögunum og reglugerðum KSÍ. Í grein 11.2. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál eru nánar tilgreind þau viðurlög sem nefndin getur beitt í kærumálum. Við ákvörðun viðurlaga horfir nefndin til þess að varnaraðili hafi gerst brotlegur gagnvart ákvæði laga KSÍ sem er ætlað til að standa vörð um heilindi og háttvísi í knattspyrnuhreyfingunni. Þegar aðili, sem fellur undir lögin, gerist uppvís af þátttöku í veðmálastarfsemi í tengslum við eigin leiki og eigið mót gengur það gegn grundvallarreglu um heiðarlegan leik gagnvart öllum þátttakendum leiksins. Varnaðili hafi auk þess gerst brotlegur í a.m.k. fimm skipti á sex vikna tímabili og þar af voru fjórir leikir sem hann tók þátt í sjálfur. Að mati nefndarinnar er því hér um að ræða brot á grundvallarreglu

sem eru alvarlegs eðlis, sér í lagi með tilliti til þess að veðmálin lutu að leikjum sem varnaraðili tók sjálfur þátt í.

Samkvæmt því hefur aga- og úrskurðarnefndar ákveðið með vísan til 40. greinar laga KSÍ að úrskurða Sigurð Gísla Bond Snorrason í bann frá allri þátttöku í knattspyrnu keppnistímabilið 2023, þ.e. frá 1. febrúar til 15. nóvember.

Við ákvörðun viðurlaga tekur nefndin einnig mið af því að samkvæmt gögnum málsins liggi ekki fyrir sönnun þess að varnaraðili hafi með brotum sínum gerst sekur um hagræðingu úrslita.

Gerð er sú krafa að hálfu varnaraðila að úrskurður nefndarinnar verði nafnlaus þannig að nafn varnaraðila verði tekið út og aðrar persónuupplýsingar sem gætu upplýst um hver á í hlut. Er þeirri kröfu varnaraðila hafnað af hálfu aga- og úrskurðarnefndar á þeim grundvelli að varnaraðili hefur þegar tjáð sig um málið opinberlega.

#### IV.

##### Úrskurðarorð:

Sigurður Gísli Bond Snorrason skal sæta banni frá allri þátttöku í knattspyrnu keppnistímabilið 2023 frá 1. febrúar til 15. nóvember.

##### Um áfrýjun:

Samkvæmt grein 16.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Gunnar Guðmundsson [sign]

Björg Ásta Þórðardóttir [sign]

Helgi R. Magnússon [sign]